

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1047

Dagsetning: 18. nóvember 2024 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Helgi Þorsteinsson (HB), Íris Dögg Harðardóttir (ÍDH), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÓE), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM), Svava Kristín Þorkelsdóttir (SKÞ) og Brjánn Jónasson (BJ) í gegnum fjarfundarbúnað, sem ritaði fundargerð.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 12. nóvember 2024 var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

2. Fundir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar í vikunni.

3. Kjaraviðræður við lækna

Rætt var um kjaraviðræður lækna og boðaðar verkfallsaðgerðir Læknafélags Íslands.

4. Breyting á skipulagi fjármála- og rekstrarsviðs

Forstjóri og framkvæmdastjóri fjármála og reksturs leggja fram tillögu að breytingum á skipulagi sviðs fjármála og rekstrar sem taka skal gildi þann 1. desember 2024. Tillaga að breytingum hefur verið unnin í samráði við framkvæmdastjórn og bæði kynnt og rædd í framkvæmdastjórn á fyrri stigum.

Með tillögu að nýju skipulagi fylgir samantekt framkvæmdastjóra fjármála og rekstrar sem og minnisblað forstjóra og framkvæmdastjóra fjármála og rekstrar. Umræður fór fram um breytingar, sem hér um ræðir, sem og áhrif þeirra á störf starfsmanna. Forstjóri og framkvæmdastjóri fjármála og reksturs gerðu grein fyrir áhrifum sem leiða af breytingum sem og hvernig staðið hefur verið að undirbúningi þeirra.

Framkvæmdastjórn lýsir sig fylgjandi breytingum og samþykkir fyrir sitt leyti gildistöku hins nýja skipulags.

Aðgerðir og verkefni

- Innleiða þarf breytingar á sviði fjármála og rekstrar, sjá lið 4.
Ábyrgð: HP

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 9:50.